

c) *Kaffikjarnalausn*

kaffikjarni í vökvaformi sem inniheldur 15-55% af kaffiþurrefni miðað við þyngd. Kaffikjarnalausn má innihalda sykur, brenndan eða óbrenndan, að hámarki 12% miðað við þyngd.

2. Kaffibætir:a) *Þurrkaður kaffibætir*

kaffifífilskjarni í föstu formi sem inniheldur ekki minna en 95% af kaffifífilspurrefni miðað við þyngd.

Efni sem ekki eru unnin úr kaffifífla mega ekki fara yfir 1% miðað við þyngd.

b) *Kaffibætismassi*

kaffifífilskjarni í massaformi sem inniheldur 70-85% af kaffifífilspurrefni miðað við þyngd.

Efni sem ekki eru unnin úr kaffifífla mega ekki fara yfir 1% miðað við þyngd.

c) *Kaffibætislausn*

kaffifífilskjarni í vökvaformi sem inniheldur 25-55% af kaffifífilspurrefni miðað við þyngd.

Kaffibætislausn má innihalda sykur, brenndan eða óbrenndan, að hámarki 35% miðað við þyngd.

AUGLÝSING**um takmörkun á innflutningi á jarðhnetum frá Egyptalandi.**

1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning á jarðhnetum frá Egyptalandi sem ætlaðar eru til mannelis eða sem hráefni í matvæli.

2. gr.

Heimilt er að flytja inn jarðhnetur sem að uppruna eru frá Egyptalandi að því tilskildu að ákvæði 2. mgr. þessarar greinar sé uppfyllt. Þetta á við um hnetur í hýði í tollflokki 1202.1000, afhýddar, sundurskornar eða heilar hnetur í tollflokki 1202.2000 og aðrar jarðhnetur í tollflokki 2008.1109. Með vörusendingunni skulu fylgja rannsóknaniðurstöður vegna greiningar á sveppaeitri (afltoxíni), sem hægt er að rekja til vörusendingarinnar auk rekjanlegs heilbrigðisvottorðs. Hollustuvernd ríkisins skal meta þau vottorð sem lögð eru fram þessu til staðfestingar.

3. gr.

Eftirlit með framkvæmd auglýsingar þessarar skal vera skv. ákvæðum 22. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, sbr. og III. tl. bráðabirgðaákvæða laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

4. gr.

Auglýsingin er birt skv. 28. gr. laga um matvæli og með hliðsjón af ákvörðun Evrópu-sambandsins nr. 2000/49/EB um takmörkun á innflutningi á jarðhnetum frá Egyptalandi. Auglýsingin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 19. júlí 2000.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigríður Stefánsdóttir.